

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 2 500.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 3 000.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

Gildir frá 1. sept. 1978.

I. RAFORKA

1. Lýsing.

1.1. Orka til almennrar lýsingar kr. 45.00 á kWst.

2. Heimilisnotkun.

2.1. Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana kr. 19.80 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1. Orka til véla og mannvirkjagerðar kr. 45.00 á kWst.

3.2. Orka samkv. 15 mínútna meðalafismælingu, lágmark 20 kW kr. 6.90 á kWst. Aflgjald með lýsingu kr. 28.43 á kWst.

3.3. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:

Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun kr. 22/10 hverja kWst.

Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun kr. 14/70 hverja kWst.

Fyrir umfram 100 000 kWst. ársnotkun kr. 13/60 hverja kWst.

4. Hitun.

4.1. Orka til húshitunar, roftími 2×1.5 klst. á dag kr. 5.85 á kWst.

4.2. Orka til hitunar í iðnaði, roftími 2×1.5 klst. á dag kr. 7.80 á kWst.